Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ
13. sep. 2018
Málsnr. 2018-09-0045
Frumrit - skilist til skjalasafns

# Aðalfundur Hvetjanda hf.

Aðalfundur Hvetjanda hf. vegna rekstrarársins 2017, verður haldinn þriðjudaginn 25. september 2018 að Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði og hefst kl. 14:00

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum. Fylgir með fundarboði.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Stjórn félagsins leggur fram svofellda tillögu undir 6. lið dagskrárinnar:

„Tillaga um breytingu á samþykktum / niðurfærslu á hlutafé til jöfnunar á tapi

Tillaga er um færa niður hlutafé félagsins um kr.37.515.996,- til jöfnunar á tapi. Það er því breyting á 4.gr. samþykkta en hún er svo hljóðandi fyrir breytingu:

Hlutafé félagsins er kr. 300.651.354.- (krónur þrjúhundruðmilljónirsexhundruð fimmtíuogeittþúsundþrjúhundruðfimmtíuogfjórar 00/100). Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,0 –ein króna- að nafnverði. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í kr. 500.000.000.- krónur fimm hundruð milljónir. Stjórn félagsins er heimilt að nýta heimildina í fimm ár frá 16. september 2015. Stjórn félagsins er heimilt að semja um gengi á hlutafjáraukningunni.

Eftir breytingu verður 4.gr. samþykkta svo hljóðandi:

Hlutafé félagsins er kr. 263.135.356,- (krónur tvöhundruðsextíuogþrjármilljónireitthundraðþrjátíuogfimmþúsundþrjúhundruðfimmtíuogsex 00/100). Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,0 –ein króna- að nafnverði. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í kr. 500.000.000.- krónur fimm hundruð milljónir. Stjórn félagsins er heimilt að nýta heimildina í fimm ár frá 25. september 2018. Stjórn félagsins er heimilt að semja um gengi á hlutafjáraukningunni.“

Ársreikningur félagsins liggur frammi á skrifstofu Hvetjanda hf. að Árnagötu 2-4, Ísafirði frá 18. september og til fundardags.

Ísafirði 11. september 2018
F.h. stjórnar Hvetjanda hf.

Kristján G. Jóhannsson, framkvæmdastjóri